



Fuglalíf í Flatey á Skjálfanda

Ævar Petersen



Fuglalíf í Flatey á Skjálfanda

Ævar Petersen

NÍ-10001

Reykjavík, maí 2010



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Mynd á kápu: Frá Flatey á Skjálfanda. Séð frá bryggju, vestur eftir Eiði yfir að Teistabjargi. Ljós m. Ævar Petersen, 02.07.2007.

ISSN 1670-0120

	Hlemmi 3 105 Reykjavík Sími 590 0500 Fax 590 0595 http://www.ni.is ni@ni.is	Borgum við Norðurslóð 602 Akureyri Sími 460 0500 Fax 460 0501 http://www.ni.is nia@ni.is		
Skýrsla nr. NÍ-10001	Dags, Mán, Ár Maí 2010	Dreifing ☒ Opin Lokuð til		
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Fuglalíf í Flatey á Skjálfanda.		Upplag 50 Fjöldi síðna 44		
Höfundur Ævar Petersen	Verknúmer Málsnúmer			
Unnið fyrir				
Samvinnuaðilar				
Útdráttur Flatey á Skjálfanda (1. og 2. mynd) liggur undan Flateyjardal og er 2,67 km ² að flatarmáli. Þar var búið árið um kring þangað til árið 1967 er síðustu íbúar yfirgáfu eyna. Heilsteypt yfirlit hefur ekki áður verið tekið saman um fuglalíf Flateyjar á Skjálfanda enda hafa fáar skipulegar athuganir farið fram til þessa. Ítarlegasta ritaða yfirlitið sem höfundi er kunnugt um er óbirt skýrsla Trausta Tryggvasonar sem heimsótti eyna árið 1980. Alls hafa 36 tegundir fugla reynt varp í Flatey og eru flestar þeirra eru reglubundnir varpfuglar. Síðustu áratugi hafa a.m.k. sjö nýjar tegundir hafið varp á eyinni, þ.e. grágæs, skúfönd, rjúpa, jaðrakan, silfurmáfur, lundi og skógarpröstur. Þar að auki er hettumáfur líklega tiltölulega nýr varpfugl en rjúpa hefur verið óreglulegur varpfugl í langan tíma. Engin varptegund hefur alfarið hætt að verpa í eyinni svo vitað sé, nema ef til vill hrafn sem hefur ekki orpið þar síðan 1978. Kynblendingur æðarfugls og æðarkónings sást árið 1980 og tvíkynja æðarfugl sást árin 1987 og 1990 (28. mynd). Nú liggja fyrir nokkuð nákvæmar upplýsingar um ákveðnar tegundir varpfugla í Flatey á Skjálfanda. Hins vegar þarf að kanna fuglalíf eyjarinnar kerfisbundið því þó varptegundirnar séu líklega allar þekktar þá er mat á stofnstærð oft ábótavant. Árið 2007 var lundavarpið í Flatey á Skjálfanda metið. Lundi byrjaði að verpa í eyinni árið 1975 og árið 1980 var áætlað að 160 pör yrpu þar. Árið 2007 hafði varppörum fjölgað í 6.917 og dreifðist varpið um suðurhelming eyjarinnar (19.–21. mynd). Fjölgunin frá árinu 1980 er að meðaltali um 15% á ári sem er firnamikil aukning miðað við tölur úr ýmsum öðrum lundavörpum í landinu (Ævar Petersen o.fl., í undirbúningi). Á hinn bóginn virðist sem teistu hafi fækkað mjög síðan 1980 þegar varpstofninn var um 90 pör (22.–23. mynd) en endurtaka þarf talningar. Margar aðrar varptegundir sem þarf að meta betur, þar á meðal stærð kríuvarpsins sem talið er eitt hið stærsta á Íslandi (17.–18. mynd). Nokkuð góðar upplýsingar liggja fyrir um æðarfugl síðustu öldina þar sem dúntekja hefur verið stunduð í eyinni (6. mynd, 1.–2. tafla). Síðasttaldar fjórar tegundir hafa orpið á eyinni um langan tíma og eru nefndar öðru hverju í heimildum allt frá 1712.				
Lykilorð Flatey á Skjálfanda, fuglalíf, varpfuglar	Yfirfarið MH			

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	7
2 STAÐARLÝSING	7
3 ÖRNEFNI	9
4 GÖGN OG AÐFERÐIR	10
5 ANNÆÐ NÁTTÚRUFAR EN FUGLAR	10
6 NIÐURSTÖÐUR	12
6.1 Varpfuglar	12
6.2 Aðrar fuglategundir	34
6.3 Torkennilegir æðarfuglar	37
7 UMRÆÐA	38
8 ÞAKKIR	39
9 HEIMILDIR	40
10 SUMMARY	44

1 INNGANGUR

Flatey á Skjálfanda er ein af stærstu eyjum við Ísland. Þrátt fyrir að búið hafi verið í Flatey allt til ársins 1967 er þekking á fuglalífi eyjarinnar fremur illa skráð og nær engar athuganir verið birtar. Sumarið 2007 tók höfundur sér ferð á hendur til Flateyjar við fjórða mann. Aðeins var dvalið einn dag í eyinni og því takmarkað hversu vel var hægt að kanna hana. Lunganum úr deginum var varið til þess að meta stærð lundavarpsins enda var það aðaltilgangur fararinnar. Ferð þessi varð engu að síður hvati til þess að draga saman tiltæk gögn um fuglalíf eyjarinnar. Ekki var síst haft í huga að slík úttekt gæti orðið öðrum hvatning til þess að gera fuglalífinu betri skil með skráningum og skipulegum talningum.

2 STAÐARLÝSING

Flatey liggur á Skjálfanda rúma 2,5 km undan Flateyjarðal. Að flatarmáli er eyjan 2,67 km², mesta lengd um 2,51 km en mesta breidd um 1,80 km. Eyjan er því nánast sporöskjulaga að lögun (sbr. 1. mynd).



1. mynd/Fig. 1. Flatey á Skjálfanda. Horft til vesturs yfir í Fjörður. Fjarst opnast Eyjafjörður, þá Þorgeirsfjörður og Hvalvatnsfjörður hægra megin við miðja mynd. – Island Flatey in Skjálfandi bay. The deserted region Fjörður on the Icelandic mainland is seen in the background. The large fjord of Eyjafjörður opens up in the far distance. Ljósmynd: Mats Wibe Lund, 08.09.1989.



2. mynd/Fig. 2. Séð yfir vestasta hluta byggðarinnar á Flatey. Lengst til hægri sér í mynni Hvalvatnsfjarðar. Fallett votlendi myndar belti austan frá Sjóttjörn og hafnarpollinum að vestustu húsunum í byggðinni og þar er gnótt fugla. – The westernmost part of the inhabited area on Flatey. Beautiful wetland, teaming with birds, is inbetween dispersed houses. The opening of fjord Hvalvatnsfjörður is towards far right. Ljósmynd: Solny Arnardóttir, 02.07.2007.

Flatey ber nafn með rentu því mesta hæð yfir sjó er aðeins 22 m á Krosshúsabjargi þar sem Flateyjarviti stendur (Guðmundur Bernódsson o.fl. 2002). Hann var byggður árið 1963 og kom í stað eldri vita sem var reistur 1912 (Eiríkur Sigurðsson 1978).

Hús eru frá þeim tíma er föst búseta var í eyinni og er byggðin á Flatey sunnanverðri. Síðustu íbúar yfirgáfu eyna árið 1967 (Gunnar Guðmundsson 1968) en húsín eru nú notuð af gömlum Flateyingum og afkomendum þeirra til skemmri dvalar. Umhverfis byggðina eru gömul tún en fallett votlendi myndar skeifu til vesturs frá hafnarpollinum og Sjóttjörn (2. mynd). Tjörnin var áður fyrr mun stærri en árið 1966 var henni skipt í tvennt með hlöðnum garði, innsigling grafin inn í hana frá sjó og hafnarpollur dýpkaður innan við (Bjartmar Guðmundsson 1965, Gunnar Guðmundsson 1968). Eldri bryggja er aðeins vestar þar sem fyrrum voru verslunarhús, fiskhús og bræðsla. Árið 2005 tóku Flateyingar sig til og lagfærðu bryggjuna sem var orðin illa farin (Jóhanna Ingvarsdóttir 2005, Björguðu bryggjunni með samhentun átaki 2005).

Nokkrar fleiri tjarnir eru í Flatey. Gloppa er tjarnarpyttur í mýrinni vestur frá Sjóttjörn en börnum var talin trú um að hún væri botnlaus (GAH 2008). Hvaltjörn á norðausturhorninu er stærst tjarna í eyinni og Leynitjörn er í suðvesturhorninu. Milli þeirra með norðurhliðinni eru Rindatjarnir og eru tvær þeirra stærstar en einnig eru þar nokkrir smápollar. Ævaforngarður, Langigarður, liggur frá Rindatjörnum að byggðinni og skiptir eyinni en þegar á seinni hluta 19. aldar var hann víða orðinn ógreinilegur (Theódór Friðriksson 1941). Nánari landlýsingar

eru til í prentuðum heimildum og skulu nefnd rit Theódórs Friðrikssonar (1941), Jóns Sigurðssonar (1954), Jóhanns Skaptasonar (1969) og þeirra Valgarðs Egilssonar og Guðmundar Gunnarssonar (2000).

3 ÖRNEFNI

Á 3. mynd er Flatey sýnd ásamt staðarheitum sem nefnd eru í greininni. Örnefni virðast ekki ýkja mörg miðað við stærð eyjarinnar, a.m.k. miðað við nöfnu hennar á Breiðafirði þar sem þekkt eru hátt á fimmta hundrað örnefni (Ævar Petersen og Örn Sturluson, væntanleg). Af örnefnalýsingum sem notast hefur verið við skal fyrst nefna lýsingu Theódórs Friðrikssonar (1941). Á Örnefnastofnun eru varðveittar örnefnalýsingar sem Margeir Jónsson skráði eftir Árna Jóhannessyni frá Neðribæ (f. 1911, d. 1944) og Grími Sigurðssyni frá Jökulsá á Flateyjarðal (f. 1896, d. 1981). Miðað við þessar heimildir eru þekkt örnefni vel innan við eitt hundrað en vera má að fleiri séu óskráð. Full ástæða er til að safna frekari upplýsingum um örnefni hjá staðkunnugum og gera þessum menningararfi viðeigandi skil en söfnun örnefna mun vera í gangi (GAH 2008).



3. mynd/Fig. 3. Staðir á Flatey á Skjálfanda sem nefndir eru í texta. – Local names on Flatey á Skjálfanda used in the Icelandic text.

4 GÖGN OG AÐFERÐIR

Heilsteypt yfirlit hefur ekki áður verið tekið saman um fuglalíf Flateyjar á Skjálfanda enda hafa fáar skipulegar athuganir farið fram til þessa. Ítarlegasta ritaða yfirlitið sem höfundur er kunnugt um er óbirt skýrsla Trausta Tryggvasonar sem heimsótti eyna dagana 3.–4. júní 1980. Ib K. Petersen og danskir náttúruskoðarar töldu u.þ.b. helming af lundavarpinu í Flatey 16. júní 2007 og skráðu ýmsar aðrar athuganir. Höfundur heimsótti eyna 2. júlí 2007 ásamt Claudia Mischler, Solny Arnardóttur og Björgvin Friðbjarnarsyni starfsmanni Náttúrustofu Norðausturlands á Húsavík til að ljúka við að meta stærð lundavarpisins. Þar eð mestur tími fór í talningu lundahola var fuglalíf aðeins skráð meðfram austur- og suðurhlið eyjarinnar, kringum höfnina og innan byggðar. Lundatalningin var hluti af samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands um talningar á sjófuglum á Tjörnesi og í eyjum á Skjálfanda.

Við undirbúning þessarar samantektar voru leitaðar uppi birtar sem óbirtar heimildir um Flatey en birtar heimildir um fugla reyndust afar takmarkaðar. Heimamenn hafa án efa fylgst með fuglum alla tíð en því miður eru skráningar af skornum skammti. Við samningu þessarar greinar voru til hliðsjónar munnlegar upplýsingar frá árunum 2001, 2007 og 2009 frá Svölu Björgvinsdóttur (SB). Hún dvelur ásamt fjölskyldu í Flatey á sumrum og nýtir æðarvarp á austurhluta eyjar. Faðir hennar, Gunnar heitinn Guðmundsson, hafði mikinn áhuga á fuglum og sinnti lengi æðarvarpinu en mun ekki hafa skráð athuganir hjá sér. Sonur hans Gunnar Gunnarsson er heimildarmaður að mörgum fyrri athugunum sem Svala hefur veitt. Þá gaf Guðmundur A. Hólmgeirsson formaður hagsmunafélags húseigenda í Flatey ýmsar ágætar upplýsingar (sjá heimasíðu hagsmunafélagsins <http://www.simnet.is/flatey/>). Hann og skyldmenn nýttja æðarvarpið á vesturhluta Flateyjar.

Vitnað er til birtra heimilda á hefðbundinn hátt. Óútgefnar heimildir eru skráðar í sérstakan lista fyrir aftan heimildaskrá og vísað er í þær með upphafsstöfum heimildarmanns með tveimur undantekningum til að létta aðeins á texta. Ekki er vísað til athugana Trausta Tryggvasonar frá 1980 enda eru allar skráningar frá því ári frá honum komnar. Sama gegnir um athuganir höfundar 2007. Allar ljósmyndir sem fylgja greininni voru teknar í Flatey á Skjálfanda, þ. á m. fallegar fuglaljósmyndir Sædísar Sævarsdóttur.

Lundavarpíð var metið á þann hátt sumarið 2007 að taldar voru holur sem álitnar voru í ábúð, bæði í grasbrún og innan um grjót neðan brúnar. Urðir voru mældar á austurströndinni og meðalþéttleiki hola talinn sami þar og í grasi. Í urðum var lengd varpsvæðis mæld og breidd með 5 m millibili og flatarmál reiknað út frá lengd og meðalbreidd. Varpið við höfnina var metið með einfaldri talningu á holum. Vestan Eiðis var mat framkvæmt þannig að hópur manna gekk í einfaldri röð þvert á varpið og taldi allar notaðar varpholur. Stansað var með óreglulegu millibili til að skrá tölur fyrir skoðað svæði. Ónotaðar holur voru ekki taldar en þær voru greinilega sárafáar þetta sumar.

5 ANNAÐ NÁTTÚRUFAR EN FUGLAR

Jarðfræði Flateyjar og umhverfis hefur verið lýst í skýrslu þegar 554 m rannsóknarhola var boruð í eyinni (Jón Eiríksson o.fl. 1987). Einnig er að finna jarðfræðilýsingu í skýrslu Lovísu Birgisdóttur (1982). Þá er almenn samantekt í Árbók Ferðafélags Íslands (Valgarður Egilsson 2000). Flatey hefur ekki síst dregið til sín jarðfræðinga í von um hugsanlegar olíulindir á þessum slóðum. Misgengi sem er kennt við eyna liggur yfir hana og eru jarðskjálftar tíðari á mótum þess en víða annars staðar hérlandis.

Árið 1839 var Flatey lýst sem mjög snögglandri (Páll Halldórsson 1839/1994). Tæpum tveimur öldum síðar, árið 2007, var eyjan gróskumikil enda búin að vera í eyði og laus við búpening í 40 ár. Tún hafa þó verið slegin eftir að heima fólk flutti burt, t.d. sumarið 1970 þegar Bárðdælir fengu leyfi til þess að heyja vegna kalskemmda í heimatúnum (Jónas Sigurðarson 1987).

Ingimar Óskarsson (1966) gerði gróðurfari Flateyjar góð skil árið 1937 og Heiðrún Guðmundsdóttir kannaði gróður 1995–96 (Valgarður Egilsson og Guðmundur Gunnarsson 2000). Ingimar taldi fimm megingerðir gróðurlenda í eyinni, þ.e. grasmóa, tún, mýrlendi, vatn og strönd. Hann skráði 124 tegundir háplantna en Heiðrún fann 35 tegundir til viðbótar flóru lista Ingimars. Því hafa 159 tegundir háplantna verið skráðar í Flatey. Viðbótagtegundir sem Heiðrún fann kunna að vera tilkomnar eftir árið 1937. Hún sá ekki 16 tegundir sem Ingimar fann svo vera kann að þær séu horfnar úr flóru Flateyjar. Væntanlega eru þó ekki öll kurl komin til grafar m.t.t. háplantna. Hins vegar er langt í frá að lággróðri hafi verið gerð fullnægjandi skil. Í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands eru aðeins skráðar 18 tegundir mosa úr Flatey en reikna má með að staðbundnar tegundir séu langtum fleiri. Engar upplýsingar eru til um fléttur og sveppi. Þörungum var fyrst safnað 1971 af Sigurði Jónssyni. Þó Flatey sé ekki nefnd sérstaklega voru upplýsingar um þessa þörunga notaðar í yfirlitsgrein Caram og Sigurðar Jónssonar (1972) um þörungaflóru Íslands. Í leiðangri sumarið 2006 voru greindar 58 tegundir af þörungum í sjó við eyna (KG 2008).

Ekki er vitað til þess að skordýrum hafi verið safnað í Flatey (EÓ) svo þar er talsvert verk óunnið. Landspendýr eru engin í Flatey utan músa (GAH 2008). Húsamýs *Mus musculus* hafa haldist þar lengi við en fjöldi þeirra er breytilegur eftir árum. Einnig er álitid að hagamýs *Apodemus sylvaticus* hafi sést utanhúss. Rotta *Rattus* spp. kom eitt sinn úr skipi upp á bryggju nálægt 1950 en var umsvifalaust drepin.

Um aldir hafa selir og hvalir gert sig heimakomna í og við eyna. Hér er ekki réttur vettvangur til að gera þeim fullnaðarskil en þá sögu mætti gjarnan taka saman annars staðar og m.a. notast við gögn frá hvalaskoðunarfyrtækjum á Húsavík sem skrá séða hvali í ferðum sínum. Þó skal nefna nokkur eldri atvik er tengjast sjávarspendýrum.

Í Annálum 1400–1800 segir árið 1768 í Djáknaannál að hvalur hafi steipt fiskiskipi en mannbjörg orðið (Tómas Tómasson 1987). Árið 1845 rak nokkra grindhvali *Globicephala melaena* á eyjarfjöru. Kannski eru það hvalirnir sem Hvaltjörn er kennd við, sbr. kenningu Bjarna Jóhannessonar um tilurð örnefnisins (Erlingur Davíðsson 1989). Flateyingar hafa væntanlega lengi nytjað hvali á miðunum en þess er getið árið 1852 að eyjaskeggjar hafi elt uppi reyðarfisk (reyðarhval) 25. júlí og snúið honum til lands svo hann festi sig. Skáru menn stykki úr honum lifandi en hvalurinn braust fram og komst á ný út á haf. Er talið að hann hafi fundist dauður undan Rauðanúpi rúmum mánuði síðar (Hvalsaga 1853). Upp úr sumardeggi fyrsta 1882 er getið að um 100 stórhveli hafi lokast inni í vök austan eyjar (Guðmundur Friðjónsson 1938). Theódór Friðriksson (1941) segir frá því bók sinni *Í verum* að vor eitt 1880–90 hafi dauður hvalur fundist á reki út af Vaðsteinanesi. Var honum róið í land og reyndist við mælingu 30 álnir eða um 19 metra langur.

Á uppvaxtarárum Guðmundar A. Hólmgæirssonar (f. 1939) var oft róið til að veiða hnísur *Phocaena phocaena* og seli, ekki síst blöðruseli *Cystophora cristata* sem hafa lengi verið viðloðandi Skjálfanda. Bjarni Jóhannesson lýsir glímu sinni sem strákur við vænan brimil (Erlingur Davíðsson 1989). Theódór Friðriksson (1941) talar um að ósjaldan hafi fengist selir í lok 19. aldar. Á 18. öld og fram á þá 20. voru vöðuselir *Pagophilus groenlandicus* algengir við norðanvert landið og mikið veiddir (Bjarni Sæmundsson 1932).

Í júní 1952 fundu trillusjómenn dauðan, úldinn rostung *Odobenus rosmarus* á reki skammt frá eyinni. Hann var ekki talinn þess virði að hirða og flaut áfram inn Skjálfanda þar sem sjómenn á öðrum báti rákust á hann og söguðu af aðra tönnina (Rostungur á reki á Skjálfandaflóa 1952). Sumarið 1968, þegar grafið var fyrir hafnarpollinum, kom upp haus af rostungi með báðum skögultönnum. Hausinn er nú varðveittur á Safnahúsinu á Húsavík.

Að lokum má geta þess að eitt sinn sáust spor eftir bjarndýr *Thalarctos maritimus* (Eiríkur Sigurðsson 1978). Gera má ráð fyrir að oft hafi heyrst í þeim af ísnum á hafísárum fyrrum þegar ís var landfastur og menn gengu jafnvel til lands.

6 NIÐURSTÖÐUR

Kaflanum er skipt í tvennt. Sá fyrri og umfangsmeiri fjallar um varpfuglana en sá síðari um aðrar fuglategundir sem sést hafa í eða við Flatey.

6.1 Varpfuglar

Samtals er getið 36 tegunda fugla sem reynt hafa varp í Flatey. Sumir þeirra eru reglubundnir varpfuglar sem hafa orpið þar lengi en aðrir eru nýsestir þar að. Sumar tegundir eru ekki árvissar og enn aðrar hafa aðeins fundist verpandi einu sinni.

1. Grágæs *Anser anser*

Árviss varpfugl (4. mynd) sem hefur orpið lengi í Flatey eða a.m.k. síðan 1966–1967. Árið 1980 fannst eitt hreiður en síðan hefur grágæsum fjölgað. Nú munu vera einhverjir tugir hreiðra (GAH 2008, SB 2009).

2. Stökkönd *Anas platyrhynchos*

Árið 1980 sáust tvö pör og fimm steggir og má telja líklegt að fjöldi varppara í eyinni hafi verið í það minnsta sjö. Árið 2001 og árin þar á undan var stökkönd ein algengasta andartegundin (SB 2001). Á austanverðri eyinni hálfri finnast 4–6 hreiður á ári (SB 2009).

3. Rauðhöfðaönd *Anas penelope*

Rauðhöfðaöndum mun hafa fjölgað í Flatey síðustu áratugi. Aðeins eitt par sást árið 1980 í Krosshúsamýri en 2001 var rauðhöfðaönd ein af þremur algengustu varpöndunum (SB 2001). Þann 2. júlí 2007 sást kolla með stakan unga við Sjóttjörn, auk þess sáust þar 16 fuglar saman á yfirflugi. Einnig fannst yfirgefið hreiður með einu eggi í mýradraginu vestur af höfninni. Hálfum mánuði áður sást kolla með átta unga á Leynitjörn (IBK 2007). Rauðhöfðaönd er nú einna algengust andategundanna og miðað við fjölda fugla sem sést eru nú árlega álitin 10–15 hreiður á austurhellingi eyjarinnar (SB 2009).

4. Grafönd *Anas acuta*

Ekki varð vart við grafönd árið 1980 en á árunum 1990 til 2001 fundust eitt til tvö hreiður á ári (SB 2001). Grafönd er nokkuð dyntótt að því leyti að miklar sveiflur eru í varpstofninum. Þær hverfa alveg sum ár en birtast á ný (Ævar Petersen 1970, Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2001). Grafönd hefur lengi verið viðloðandi Flatey, varp a.m.k. fyrir 1967 en síðustu ár hefur eitt par sést og eitt hreiður fundist á austurhlutanum á ári (SB 2009).



4. mynd/Fig. 4. Grágæsarungar. – Greylag Goose young. Ljósma./photo Sædís Sævarsdóttir, 19.06.2004.

5. Urtönd *Anas crecca*

Árið 1980 var mikið af urt í Flatey og fundust þrjú hreiður, tvö með níu eggjum og eitt með átta eggjum. Ekki varð urtandar vart 2. júlí 2007, sjálfsagt vegna þess hve urtendur eru felugjarnar og styggar á miðju sumri þegar kollur eru með ófleyga unga og steggir í sárum ófleygir. Urtendur sjást annars árlega og finnast 2–4 hreiður á ári hverju á austurhluta eyjarinnar (SB 2009).

6. Duggönd *Aythya marila*

Árið 1980 var mikið af duggöndum og fannst eitt hreiður. Hreiður með sjö eggjum fannst í Kötlum 2. júlí 2007. Ungarnir klöktust síðar um daginn og voru í fylgd kollunnar en steggurinn hélt sig á Sjóttjörn. Fyrr um sumarið (16. júní) sáuð mun fleiri duggendur, eða 13 steggir og eitt par (IBK 2007) en væntanlega hafa flestar kollur legið á hreiðri.

Duggönd (5. mynd) hefur verið í eygni svo lengi sem menn muna og er með algengari öndum. Árlega eru talin vera 10–15 hreiður á austurhelmingi eyjarinnar miðað við fjölda fugla sem sést á tjörnum. Duggöndum hefur fjölgað síðustu ár og sjást oft margar á Sjóttjörn og Hvaltjörn (SB 2009).

7. Skúfönd *Aythya fuligula*

Skúfönd er mun sjaldséðari en frænka hennar duggönd. Árið 1980 varð hennar ekki vart og fyrsta hreiðrið sem vitað er um fannst ekki fyrr en sumarið 2001 (SB 2001). Síðan hefur vanalega fundist eitt hreiður á ári á austurhlutanum. Yfirleitt sjást þó 2–3 steggir á Sjóttjörn og steggir hafa einnig sést á Hvaltjörn (SB 2009).



5. mynd/Fig. 5. Duggandarkolla á hreiðri. – A female Scaup on nest. Ljósmynd/photó Sædís Sævarsdóttir, 19.06.2004.

8. Hávella *Clangula hyemalis*

Endur hafa um langan aldur verið algengar í Flatey. Theódór Friðriksson (1941) minnst þeirra þegar hann var að alast upp á seinustu áratugum 19. aldar og kvað hávelli hafa verið algengustu andategundina. Árið 1980 var álitid að varppörin væru 10–12 í eygni og fannst eitt hreiður. Árin 1990–2000 fannst ekkert hreiður í dúnleitum á austari helmingi eyjarinnar og aðeins eitt hreiður 2001 (SB 2001). Samkvæmt þessu hefur hávellum fækkað umtalsvert frá 1980. Sumarið 2007 sáuð þrír fuglar, þar af einn á Leynitjörn (IBK 2007). Árlega sjást eða heyrist í hávellum þó ekki finnist hreiður en þó fundust tvö við Grænumýrar sumarið 2008 (SB 2009). Nokkrir fuglar sjást oft á Leynitjörn en annars eru hávellur algengastar snemma vors á sjónum umhverfis eyna (GAH 2008). Munu það fyrst og fremst vera vetrarsetufuglar frá norðurslóðum (Ævar Petersen 1998).

9. Hrafnsönd *Melanitta nigra*

Hrafnsandarpar varp einu sinni um 1965. Hreiðrið var vestarlega í eygni, í svokölluðu Holti og klöktust egginn. Ekki hefur aftur orðið vart við hrafnsendur í Flatey (SB 2009).

10. Æðarfugl *Somateria mollissima*

Æðarfugl (6. mynd) hefur orpið í Flatey frá öndverðu og hefur varpið verið nytjað um aldir. Árið 1712 geta Árni Magnússon og Bjarni Pálsson (1712/1943) eggvers af æðarfugli í eygni og að það hafi jafnvel verið til forna. Ritaðar heimildir frá 19. öld eru næsta fátæklegar. Í lýsingu Þönglabakka- og Flateyjarsóknar er til tekið að æðarvarp hafi verið lítið sem ekkert 1839 vegna fjölda sauðfjár, ógætilegrar umgengni fólks og fjölda hunda (Páll Halldórsson 1839/1994). Æðarvarps er hvorki getið í jarðatali Johnsens (1847) né Brauðamatinu 1854

(Ólafur Pálsson 1861) sem innihalda oft upplýsingar um æðarvarp í landinu. Er leið á 19. öld segir Theódór Friðriksson (1941) allmargt æðarfugla hafi orpið við Rindatjarnir þegar hann var að alast upp í Flatey á árunum 1883–1892. Skömmu áður var Bretinn Coles (1882) á ferð hér á landi og kvað varpið í Flatey vera með stærra móti á landsvísu. Erfitt er að meta sannleiksgildi þeirrar staðhæfingar því engar frekari upplýsingar eru gefnar en væntanlega er um misskilning að ræða. Coles fór aldrei til Flateyjar á Skjálfanda og hefur hugsanlega ruglast á Flatey á Breiðafirði.

Í 1. töflu eru teknar saman tiltækar tölur um stærð æðarvarpsins í Flatey í heild. Á árunum 1907–1910 voru hreiður aðeins 80–120 en 1904 og fyrir var æðarvarp talið ofurlítið (Jón Elíasson 1905). Um aldamótin 1900 voru hafðir hundar í Flatey til smölunar (Jóhannes Bjarnason 1953). Nokkru síðar hættu menn að halda hunda því þeir þóttu styggja varpkollurnar, auk þess sem sauðfé var flutt upp á Flateyjardal eftir fráfarur á vorin (lögðust af um 1915) vegna æðarvarpsins (Eiríkur Sigurðsson 1978). Flutningarnir hafa væntanlega einnig komið gróðri vel og sauðfé til góða eftir göngur á haustin þegar það var á ný tekið út í eyju. Fjárflutningar uppá land féllu niður þegar Flateyingum tók að fækka (Jóhann Skaptason 1969).

Árið 1914 voru æðarhreiður orðin 480 talsins og átti enn eftir að fjölga til muna er á leið 20. öld. Í Fasteignabók 1932 er dúntekja talin til hlunninda á þremur bæjum í Flatey. Á tímabilinu 1936–1944 er í örnefnalýsingu sérstaklega nefnt æðarvarp á Grænumýrum milli Arnargerðis (þar sem eru fornar rústir) og Hvaltjarnar. Fengust þar um 30 pund af dúni í meðalári sem svarar til 900 hreiðra. Í heimsstyrjöldinni síðari (1944) voru alls um 500 hreiður í eyinni og síðan hélst varpið svipað en þó með nokkrum sveiflum fram á miðjan níunda áratug. Árið 1960 er þess getið að varpið hafi verið í meðallagi (Gunnar Guðmundsson 1961) og í landlýsingu Jóhanns Skaptasonar (1969) er talið nokkurt varp í eyinni.

Í Fasteignamatinu 1932 töldust æðarnytjar til þriggja jarða, Neðribæjar, Útibæjar og Krosshúsa. Áratug síðar var dúntekja talin til hlunninda á fimm býlum, þeim þremur sem áður eru nefnd svo og á Nýabæ og Uppibæ (Fasteignabók 1942). Nú skiptast dúnnytjar milli tveggja fjölskyldna (Jónas Jónsson 2001); vesturhluti eyjarinnar er nytjaður af Guðmundi A. Hólmgæirssyni og hans skyldmennum en austurhlutinn af Hólmvísi Jóhannesdóttur og afkomendum.



6. mynd/Fig. 6. Æðarpar í fjöru. – A Common Eider pair in the tidal zone. Ljósmynd/photó Sædís Sævarsdóttir, 01.06.2008.

Frá um 1995 hafa verið 600–800 æðarhreiður á vestari helmingi Flateyjar (GAH 2008) en miðað við dúntekju voru þau 445–708 á tímabilinu 2000–2007 (2. tafla). Þó hér sé aðeins um helming eyjarinnar að ræða má gera ráð fyrir að æðarvarpið í Flatey hafi verið talsvert meira síðustu áratugi en alla öldina þar á undan og að því virðist einnig á 19. öld.

1. tafla/Table 1. Fjöldi æðarhreiðra í Flatey á Skjálfanda á tímabilinu 1907–1986. – The number of Common Eider nests on Flatey á Skjálfanda during 1907 to 1986.

Ár/Year	Fjöldi/Number	Heimild/Reference
1907	120	Jóhannes Bjarnason (1953): 20.
1910	80	Sigurður Gunnarsson og Jónbjörn Pálsson (1988): 9.
1914	480	Sigurður Stefánsson (1917): 28.
1944	500	Jóhannes Bjarnason (1953): 20–21.
1980	100	Sigurður Gunnarsson og Jónbjörn Pálsson (1988): 9.
1984	450	Sigurður Gunnarsson og Jónbjörn Pálsson (1988): 9.
1985	600	Sigurður Gunnarsson og Jónbjörn Pálsson (1988): 9.
1986	1450	Sigurður Gunnarsson og Jónbjörn Pálsson (1988): 9.

2. tafla/Table 2. Fjöldi æðarhreiðra á vesturhluta Flateyjar á Skjálfanda á tímabilinu 2000–2007. Dúntölur voru umreiknaðar miðað við 60 hreiður fyrir hvert kíló af hreinsuðum dún. – The number of Common Eider nests on the western part of Flatey á Skjálfanda during 2000 to 2007. Figures for down were calculated as nests, using 60 nests per one kilo of cleaned down.

Ár/Year	Vesturhluti ¹ / Western part
2000	708
2001	600
2002	604
2003	554
2004	630
2005	509
2006	450
2007	445

¹ Guðmundur A. Hólmgeirsson bréfl. uppl. 2008/pers. comm. 2008

11. Toppönd *Mergus serrator*

Trausti Tryggvason kvað margt toppanda verpa í móum og á sjávarkömbum árið 1980. Toppönd var ein algengasta andategundin á árunum fyrir 2001 (SB 2001). Í júlí 2007 sáust engar toppendur sem er í sjálfu sér marklaust því þær eru mjög felugjarnar um varptímann. Toppendur eru nokkuð algengar, árlega finnast hreiður (7. mynd) og eru áætluð 7–10 pör í eyinni (SB 2009).

12. Gulönd *Mergus merganser*

Gulöndur sjást ekki oft í Flatey en þá helst í júní. Einu sinni er kunnugt um fund gulandarhreiðurs, um 1966 suðaustur af Arnargerði. Þó egginn hafi klakist hefur gulanda aldrei orðið vart aftur í varpi (SB 2009).



7. mynd/Fig. 7. Toppandarkolla á hreiðri. – A female Red-breasted Merganser on nest. Ljósmynd. Sædís Sævarsdóttir, 17.06.2008.

13. Rjúpa *Lagopus mutus*

Rjúpan (8. mynd) er frekar nýlegur varpfugl í Flatey eftir því sem best er vitað. Þegar Guðmundur A. Hólmgeirsson var að alast upp um og fyrir miðja 20. öld (f. 1939) urpu engar rjúpur í eyinni. Þær voru þó eitthvað byrjaðar að verpa áður en búseta lagðist af árið 1967. Ef til vill hafa þær verið misalgengar enda eru talsverðar sveiflur í stofninum. Þannig sáust engar árið 1980 en nú er talið að rjúpum hafi fjölgað í eyinni og að um sjö pör verpi á austurhelmingi eyjarinnar (SB 2009). Samkvæmt því gætu verið 10–20 pör í eyinni í heild.



8. mynd/Fig. 8. Rjúpukarri langt kominn í sumarbúning. – A male Ptarmigan far advanced into summer plumage. Ljósmynd. Sædís Sævarsdóttir, 15.06.2008.



9. mynd/Fig. 9. Tjaldur á vakt. – An Oystercatcher on territory.
Ljósmynd/ photo Sædis Sævarsdóttir, 17.06.2008.

14. Tjaldur *Haematopus ostralegus*

Tjaldur hefur lengi verið verpandi í eyinni. Þegar Trausti Tryggvason heimsótti Flatey árið 1980 urpu þar aðeins tvö tjaldspör; annað í Kötlum við höfnina en hitt í Vaðsteinanesi. Nær þrjátíu árum síðar sáust tvö tjaldspör við Vaðsteinanes og fjögur frá höfn að Grund (IBK 2007). Í júlí 2007 var tjaldspar á sömu slóðum og áður við höfnina og dauður ungi fannst í sandfjörrunni við Eiði. Undanfarin ár hafa tjaldspör sést við Vaðsteinanes, á Kirkjubökkum og norður undir Þórðarsteinshorni (GAH 2008). Athuganir benda til þess að tjöldum (9. mynd) hafi fjölgað mikið á þessum tæpum 30 árum frá 1980. Árið 2008 var álitnið að um níu pör yrpu á allri eyinni (SB 2009).

15. Jaðrakan *Limosa limosa*

Stutt er síðan að jaðrakan hóf að verpa í Flatey. Árið 1980 sáust engir jaðrakanar en þeirra fyrstu varð vart fljótlega upp úr því (SB 2009). Árið 1989 höfðu fáein varppör tekið sér bólfestu og þegar komið var fram til 2001 hafði þeim fjölgað mikið (SB 2001). Sumarið 2007 voru eigi færri en þrjú pör með unga á mýrunum vestur af Sjóttjörn og a.m.k. tvö milli hafnar og vita. Það ár voru nokkrir tugir varppara taldir vera í eyinni (SB 2007a). Við athuganir á syðri hluta eyjarinnar 16. júní 2007 sáust a.m.k. 12 pör (IBK 2007). Nú eru sennilega um 20 pör í eyinni og fer sífellt fjölgaði (SB 2009).

Jaðrakan nam fyrst land á Norðurlandi sem varpfugl upp úr 1940 en hefur síðan verið að breiðast smám saman út (Ævar Petersen 1998). Nýlegt landnám og fjölgun varpfugla í

kjölfarið í Flatey er í takt við framvindu jaðrakanastofnsins annars staðar í landinu síðustu öld (Tómas G. Gunnarsson o.fl. 2005).

16. Spói *Numenius phaeopus*

Spóa var ekki að finna í eyggi sem varpfugl þegar byggð lagðist af 1967 þó ekki sé vitað með vissu hvenær fyrstu fuglarnir hófu að verpa (SB 2009). Árið 1980 varð Trausti Tryggvason aðeins tvisvar sinnum var við spóa svo hann hefur ekki verið algengur. Lítil breyting virðist hafa átt sér stað næstu tvo áratugi því sumarið 2001 voru aðeins tvö spóapör á austureyngni (SB 2001). Ef til vill hafa spóar orpið á vesturhlutanum því 16. júní 2007 sáust alls fjögur pör (IBK 2007). Aftur á móti heyrðist spói aðeins einu sinni vella 2. júlí 2007 (við Skjólsvörðu) sem kemur heim og saman við athuganir annarra að þar hafi eitt paranna haldið sig. Tvö pör voru enn talin vera á austurhlutanum sumarið 2008 (SB 2009).

17. Heiðlóa *Pluvialis apricaria*

Svo lengi er elstu menn muna hafa heiðlóur orpið í Flatey (GAH 2008, SB 2009). Heiðlóur voru margar sumarið 1980 en 16. júní 2007 sást aðeins stök lóa og eitt par með varpatferli á svæðinu frá höfn að Grund (IBK 2007). Þann 2. júlí 2007 varð vart við eitt par á svæðinu frá vita að Skjólsvörðu en enga fugla innan byggðar. Kannaða svæðið var með ströndu, um tún milli húsa og mýrlendi sem er reyndar ekki ákjósanlegt varpland fyrir lóur. Mólendið á innri hluti eyjarinnar er mun hentugra varpkjörlandi heiðlóu (10. mynd).



10. mynd/Fig. 10. Heiðlóa í varpbúningi. – A Golden Plover in full breeding plumage. Ljósmynd/ photo Sædis Sævarsdóttir, 17.06.2008.



11. mynd/Fig. 11. Sandlóa á varpóðali í fjöru. – A Ringed Plover on breeding territory on the beach. Ljósmynd/ photo Sædís Sævarsdóttir, 18.06.2008.

18. Sandlóa *Charadrius hiaticula*

Sandlóur (11. mynd) eru frekar nýlegir varpfuglar í Flatey, urpu fyrst norðan hafnar árið 1967 (SB 2009). Nokkur sandlóupör héldu sig í Flatey sumarið 1980 og fundust tvö hreiður. Á svæðinu frá Skjólsvörðu að Eiði héldu sig tvö pör 2. júlí 2007, bæði við Eiði og hreiður fannst með fjórum eggjum. Svala Björgvinsdóttir fann alls fjögur hreiður við Eiði sumarið 2007 og taldi óvenju mörg miðað við fyrri ár. Engar sandlóur sáust milli Sjóttjarnar og Skjólsvörðu sumarið 2007 en það svæði er ekki sérlega hentugt varpkjörlandi fyrir sandlóur.

19. Hrossagaukur *Gallinago gallinago*

Gamalgróinn varpfugl að því best er vitað. Þó fyrstu skráningar séu ekki fyrr en 1980 man Guðmundur A. Hólmgeirsson (GAH 2008) (f. 1939) aldrei eftir öðru en að hrossagaukar hafi orpið í Flatey á sumrin. Árið 1980 var varp allmikið og mörg hreiður fundust. Aðeins þrír hrossagaukar sáust 2. júlí 2007 með ströndinni frá Skjólsvörðu að byggð, á hafnarsvæðinu og í mýrinni vestan hafnar og fannst eitt hreiður með fjórum eggjum. Árið 2008 var hrossagaukur enn álitinn mjög algengur (SB 2009).

20. Stelkur *Tringa totanus*

Nokkuð ljóst er að stelkur (12. mynd) er árviss, reglulegur varpfugl og hefur ætíð verið svo vitað sé (GAH 2008, SB 2009). Allmargir stelkar sáust 1980 og fannst eitt hreiður. Stelkar voru enn mjög algengir 2001 (SB 2001) og árið 2007 voru mörg pör innan byggðar. Þann 16. júní 2007 var giskað á að í eyinni gætu verið allt að hundrað stelkar (IBK 2007). Er talið að stelkum hafi fjölgað á síðari árum (GAH 2008). Einu sinni fannst í Flatey stelkur sem hafði verið merktur í Englandi átta og hálfu ári áður (Brit. Mus. DK95071).



12. mynd/Fig. 12. Stelkur situr á blómsveig dauðrar hvannar. – A Redshank standing on a dead Angelica flower. Ljósmynd./photo Sædís Sævarsdóttir, 17.06.2008.

21. Lóupræll *Calidris alpina*

Árið 1980 voru lóuprælar mjög algengir og fundust tvö hreiður. Er ekki vitað annað en að þeir hafi orpið í eyinni um langan aldur (GAH 2008, SB 2009). Varppör eru þó nokkur en greinilega misdreifð um eyna. Með ströndinni frá Skjólsvörðu að byggð og innan hennar sáust aðeins þrír fuglar á flugi (við Katla) og æstur fugl, eflaust með hreiður eða unga, nærri vitanum.

22. Þórshani *Phalaropus fulicarius*

Um öld er liðin frá því þórshana var fyrst getið úr Flatey af Dinesen (1926), dönskum hamskera sem bjó á Húsavík á árunum 1902–1914. Hann sá allt að 15–20 fugla samtímis og taldi öruggt að þeir yrpu í eyinni. Í dýrafræðisafninu í Kaupmannahöfn eru varðveittir hamir af þórshönum sem samkvæmt skráningum var safnað við Húsavík en eru væntanlega ættaðir úr Flatey. Í óbirtri dagbók frá 1930 hefur breski eggjasafnarinn Jourdain eftir landa sínum S.W.P. Freme sem ferðaðist um Þingeyjarsýslur 1929 að þórshani hafi sést í Flatey það ár. Samkvæmt upplýsingum frá öðrum segir Jourdain enn fremur að fimm þórshanapör hafi orpið þar sumarið 1930. Sama sumar kveðst Júlíus Havsteen (1931) hafa sannreynt að þórshani yrpi í Flatey. Má telja líklegt að Bretarnir hafi frétt um þórshanavarpið frá Júlíusi því vitað er að þeir hittust. Sömu upplýsingar koma fram í óbirtri dagbók Bjarna Sæmundssonar (BS 1930). Jourdain tekur sérstaklega fram að heimamenn haldi verndarhendi yfir þórshönum. Má reikna með að hann geti þessa sérstaklega því hann var eggjasafnari og hefur kannski ekki þótt árennilegt að sækja þórshanaegg til Flateyjar.

Næsta skráða athugun um þórshana í Flatey er ekki fyrr en um 1978 þegar Hermann Bárðarson á Húsavík sá stakan fugl á tjörn norðarlega á eyinni (ESH 1986). Trausti Tryggvason sá tvö pör á svipuðum slóðum árið 1980. Þau héldu sig í mýri og mólendi nærri Hvaltjörn en leituðu einnig til sjávar. Um þetta leyti höfðu þórshana verið viðloðandi eyna í áratugi því Gunnar Guðmundsson sem lengi hirti æðarvarpið sá 1–2 pör flest vor þar til 1983 er ekki varð vart við neina þórshana (SG 1983) né heldur árið eftir (SG 1984). Svo hélst a.m.k. til ársins 1986 (ESH 1986) og augljóslega lengur því árið 2001 hafði Svala Björgvinsdóttir ekki séð þórshana í 10–15 ár (SB 2001). Árið 1982 virðist því hafa verið seinasta árið sem þórshani sást í Flatey þar til 2007. Þá fannst hreiður með fjórum eggjum og nýskriðnir ungar úr öðru (13. mynd). Karlfugl hélt sig á sitt hvorum stað en aðeins sást einn kvenfugl sem var órólegur vegna nærveru fólks við hreiður og unga. Aðeins sáust þessir þrír fuglar. Kvenfuglinn lét sér greinilega annt um báða karlana, flaug í sífellu milli þeirra og lét vel að þeim, svo væntanlega hefur hún verið pöruð báðum fuglunum. Lengi dags 2. júlí voru eggin köld og hreiðrið jafnvel talið yfirgefið. Samt klöktust þrjú egg en eitt varð fúlt (SB 2007b). Árið 2008 (14.–16. mynd) sáust aftur þrír þórshana (SB 2009). Einkar ánægjulegt er að þessi sjaldgæfi og fallegi fugl sé byrjaður að verpa í Flatey að nýju.



13. mynd/Fig. 13. Þórshana hreiður. Hreiðrið var mjög opið í snögglandi og eggin auðséð úr nokkurri fjarlægð. – Nest of Grey Phalarope. The nest was very open in short grassland and the eggs easily spotted from a distance. Ljósmynd. /photo Ævar Petersen, 02.07.2007.



14. mynd/Fig. 14. Þórshanapar, kvenfuglinn aftar og karlfuglinn nær. – A pair of Grey Phalaropes, with the female at the back and male in front. Ljósmynd. Sædís Sævarsdóttir, 17.06.2008.



15. mynd/Fig. 15. Þórshanapar að maka sig. Takið eftir mun á kynjunum. Kvenfuglinn er með svartan koll en karlfuglinn brúnrákóttan. – A pair of Grey Phalaropes copulating. Note the difference between the sexes. The female has a black top of head while the male a streaky brown-black top. Ljósmynd. Sædís Sævarsdóttir, 17.06.2008.

23. Óðinshani *Phalaropus lobatus*

Óðinshani (16. mynd) hefur lengi verið varpfugl í Flatey (GAH 2008, SB 2009) þó fyrstu skráningar séu ekki eldri en frá 1980. Það ár sáust margir fuglar og fjögur hreiður fundust. Árið 2001 voru óðinshantar taldir mjög algengir (SB 2001). Á svæðinu sem skoðað var í júlí 2007 sáust 11 fuglar á sjó undan Skjólsvörðu, tveir fuglar á Sjóttjörn og hreiður með fjórum nýskriðnum ungum fannst í mýrinni vestan hafnar.



16. mynd/Fig. 16. Óðinshanapar og þórshani (kvenfugl) næst. Fuglinn í miðið er kvenfugl en sá aftasti er karlfuglinn. – A pair of Red-necked Phalaropes and a female Grey Phalarope nearest. The bird in the middle is the female with the male towards back. Ljósmynd./photo Sædís Sævarsdóttir, 17.06.2008.

24. Kjói *Stercorarius parasiticus*

Vitað er um verpandi kjóa í Flatey áður en heilsársbúsetu fólks lauk 1967 þó varp hafi kannski ekki verið árvisst (SB 2009). Sumarið 1980 sást aðeins einn kjói á flugi yfir eyinni og tegundin ekki skráð sem varpfugl. Sumarið 2001 voru tvö varppör (SB 2001) en ekkert sumarið 2007 (SB 2007b). Sama ár (2. júlí) sáust engir kjóar í varpi á svæðinu frá Skjólsvörðu að Eiði en tveir fuglar (annar dökkur, hinn skjóttur) voru að elta kríur til að stela

af þeim æti. Samkvæmt tiltækum gögnum virðast kjóar ekki verpa árlega í Flatey. Sumarið 2008 fannst t.d. ekkert hreiður en kjóar sáu á flugi (SB 2009).

25. Kría *Sterna paradisaea*

Kríur (17. mynd) hafa orpið í Flatey um aldir. Þegar í Jarðabókinni 1712 er getið um eggver af kríu frá fornu fari (Árni Magnússon og Bjarni Pálsson 1712/1943). Á árunum 1883 til 1892 þegar Theódór Friðriksson (1941) var að alast upp í Flatey urpu kríur um alla ey utan byggðar. Nefnir hann sérstaklega grasbletti norðan Hvaltjarnar og svæðið umhverfis Rindatjarnir.

Árið 1904 og fyrr var kríuvarp í eyinni sagt gott (Jón Elíasson 1905). Enn var mikið kríuvarp um 1910 og voru krakkar sendir til að tína egg (Eiríkur Sigurðsson 1978). Kríuvarps er getið í Flatey 1969 (Jóhann Skaptason 1969) og þegar komið var fram til ársins 1980 var kríuvarp ennþá allmikið. Þá var það að mestu bundið við mólendið norðan túna sem teygir sig um miðbik eyjarinnar, frá Skjólsvörðu og Bjargshvilti að austanverðu þvert yfir til vesturs áleiðis að Kirkjubökkum. Svala Björgvinsdóttir telur að kríur hafi ekki orpið heima á túnnum þegar hún var að alast upp (f. 1950). Breytingar höfðu átt sér stað árið 2001 því þá var varpið dreift um alla ey (SB 2001) sem bendir til þess að varpið hafi aukist. Sumarið 2007 hafði dreifing varpsins breyst enn á ný því það var fyrst og fremst á suðurhluta eyjarinnar, innan um byggðina, á túnnum, í mýrinni upp og vestur af höfninni, á Kötllum o.fl. svæðum. Náði það aðeins u.þ.b. norður undir miðja ey. Mikið varp var t.d. umhverfis Arnargerði.

Þegar búsmala var enn haldið í Flatey varð eitt árið (1964) vart við hauslausa kríuunga. Var eins og hausinn hafi verið bitinn eða slitinn af. Í ljós kom að sökudólgarnir voru kindur og þótti óvenjulegt (Sigurður Gunnarsson 2000). Í Engidal í S-Þingeyjarsýslu var sauðfé staðið



17. mynd/Fig. 17. Kría á gömlum rafmagnsstaur. – An Arctic Tern on an old electricity pole. Ljós./photo Sædís Sævarsdóttir, 01.06.2008.

að því að éta mófuglaegg (Kristlaug Pálsdóttir 1992). Þetta atferli búfenaðar má telja sjaldgæft en hefur sést annars staðar. Árið 1996 voru Sverrir Thorstensen, Þórey Ketilsdóttir, Sólveig Bergs og höfundur að merkja kríuunga á túnunum við Hesteyri í Mjóafirði. Fundust þá fjölmargir hauslausir kríuungar og ekki hægt að draga aðra ályktun en að sauðfé á beit hafi drepið ungana.

Sumarið 2007 var kríuvarp 2–3 vikum seinna en venjulega á ferðinni í Flatey eins og greinilegt var í byrjun júlí. Nokkur hreiður fundust 16. júní 2007 og var eitt egg í 30 þeirra en tvö í 22 (IBK 2007) svo varp var í fullum gangi. Dagana 3.–4. ágúst var kríuvarpið skoðað og reyndist í mjög góðu lagi, mikið af ungum og fullorðnar kríur í stöðugum fæðuburði (SB 2007b). Virðist hafa verið ríkulegt æti í sjónum umhverfis eyna seinni hluta sumars (18. mynd) og varp tekist með ágætum, ólíkt öðrum kríuvörpum á þessum slóðum sem sum hver misfórust algerlega. Til dæmis hurfu fullorðnir fuglar úr kríuvarpinu við Núpskötlu á Melrakkaslétu 9. júlí frá eggjum og ungum svo allt misfórst (HS 2007).

Sumarið 2008 var kríuvarpið í Flatey með því langmesta í áratugi og gekk einkar vel (GAH 2008). Í Flatey er eitt af stærstu kríuvörpum í landinu og er full ástæða til að meta stærð þess með skipulegum hætti og fylgjast með framvindu þess.



18. mynd/Fig. 18. Kríur í bullandi æti á víkinni utan við Eiði. – Arctic Tern in a feeding frenzy. Ljósm./photo Solný Arnardóttir, 02.07.2008.

26. Hettumáfur *Larus ridibundus*

Hettumáfar urpu eitthvað áður en fólkið fluttist burt 1967 (SB 2009). Þeir voru þó ekki sestir að á fjórða áratug 20. aldar (GAH 2008). Fyrstu skráðu upplýsingar um varp hettumáfa í Flatey eru frá 1980. Þá urpu þeir nyrst á eyinni, innanvert á gröndunum frá Rindatjörnum að Hvaltjörn. Um og upp úr 1990 varp fjöldi hettumáfa norðan girðingar á vesturhluta eyjarinnar og voru þeir áberandi þar í nokkur ár. Frá aldamótum 2000 hafði varppörum greinilega fækkað á því svæði (GAH 2008).

Í júlí 2007 urpu þrjú pör á gröndunum í Skarfstanga sunnan hafnar. Ennfremur voru tvö varppör við Fýlutjörn (Fýlu) vestan hafnar og Göngugranda. Að öðru leyti sáust hettumáfar ekki á svæðinu frá Eiði að Skjólsvörðu en kunna að hafa orpið annars staðar á eyinni. Fyrr um sumarið (16. júní) voru mun fleiri hettumáfar á votlendissvæðinu vestan hafnar eða um 20 fuglar og eitthvað af hreiðrum (IPK 2007) en hálfum mánuði síðar hafði fuglum greinilega fækkað á því svæði og varp virðist hafa misfarist. Talið er að hettumáfum hafi fjölgað í Flatey allra síðustu ár og giskað er á að núna verpi þar 30–40 pör (SB 2009).

27. Silfurháfur *Larus argentatus*

Silfurháfar hafa verið að breiðast út til vesturs með norðurströnd Íslands síðustu áratugi (Ævar Petersen 1998). Þeir voru þegar árið 1980 byrjaðir að verpa í Flatey en þá sást nokkuð af fullorðnum fuglum og allmargir ungfuglar. Virtust þeir verpandi á tveimur stöðum, nærri Skjólsvörðu og við Rindatjarnir. Við athuganir 2. júlí 2007 sáust engir silfurháfar á svæðinu frá Skjólsvörðu að byggð og að sögn Svölu Björgvinsdóttur fannst aðeins eitt varppar vorið 2007 á svæðinu þar sem hún og fjölskylda leitar að æðardún á eyinni austanverðri (SB 2007b). Árið 2008 hélt a.m.k. eitt varppar til á austurhluta Flateyjar (SB 2009) en engir varpfuglar voru á þeim vestari (GAH 2008).

28. Svartbakur *Larus marinus*

Telja má nokkuð víst að svartbakar hafi verið viðloðandi eyna frá örófi alda þó þeirra sé fyrst getið í skrifum 1980. Þegar Trausti Tryggvason heimsótti Flatey það ár fann hann einungis eitt svartbakshreiður upp af Hnísvík. Engar frekari heimildir eru um svartbaka né fjölda þeirra fyrr en árin 2004–2005 þegar fjöldi varppara var talinn vera um 25 pör (SB 2009). Árið 2007 er talið að þeim hafi fjölgað frá fyrri árum (SB 2007a). Það ár voru skráð 10 varppör (IBK 2007) sem er eflaust vanmat því eyjan var ekki fullkönnuð. Á malarkambinum frá Þórðarsteinshorni að Hnísvík eru ætíð nokkur hreiður (4–6) en vorið 2007 voru þau mun fleiri (a.m.k. 10). Einnig fundust hreiður á nýjum stað, þ.e. í móunum innan fjörukambsins (GAH 2008).

29. Lundur *Fratercula arctica*

Þegar fastri búsetu lauk í Flatey árið 1967 urpu þar engir lundar (19. mynd). Trausti Tryggvason hefur eftir dúnleitarmanni 1980 (væntanlega Gunnari Guðmundssyni) að lundur hafi fyrst byrjað að verpa um 1975. Sömu upplýsingar skráði Sigurður Gunnarsson eftir Gunnari þremur árum síðar (SG 1983). Eitt par mun fyrst hafa sést á Krosshúsabjargi 1975 (SB 2009).

Lundavarps er fyrst getið á prenti 1989 í frásögn Bjarna Jóhannessonar (Erlingur Davíðsson 1989). Það jókst ótrúlega hratt því árið 1980 var fjöldi varppara talinn vera 65 og byggðist sú tala á fjölda fugla á sjó (um 130 fuglar). Að líkindum var um vanmat á varppörum að ræða því mun færri lundar sjást við varp hverju sinni en sem nemur fjölda varpfugla. Reiknað er með að varppör hafi verið um 160 árið 1980. Það endurmat er einnig stutt af því hve útbreitt varpið var orðið árið 1980 eða frá Skjólsvörðu að Krosshúsakinn.



19. mynd/Fig. 19. Lundar á lundabala. – Puffins in their colony. Ljósmynd. Sædís Sævarsdóttir, 18.05.2008.

Árið 2007 var lundavarpið í Flatey metið að nýju með heildartalningu á notuðum varpholum. Dreifing varpsins var kortlögð og umfang þess mælt. Varpdreifingin eins og hún var sumarið 2007 er sýnd á 20. mynd. Lundavarpið var í sex hlutum: (1) frá Þórðarsteinshorni með Kirkjubökkum langleiðina að Leynitjörn (565 m löng ræma með ströndinni), (2) meðfram Teistabjargi að Grund (341 m), (3) fyrir botni hafnarpolls (65 m), (4) í Skarfstanga með innsiglingu í höfnina (266 m), (5) fimm smáblettir á takmörkuðu svæði í urð og grasblettum undir hæsta hluta Krosshúsabjargs og (6) með brúnum Krosshúsabjargs, vestan frá þar sem sjávarkamburinn byrjar við Krosshúsakinn (tvö björg í fjöru) og rétt austur fyrir Skjólsvörðu (þar sem breiður, stógrýttur fjörukambur tekur við af grasbrún), bæði ofan grasbrúnar og í grjót- og jarðvegskantinum neðan grasbrúnar (1600 m). Varpið var þéttast á þremur stöðum; frá miðri Bjargshvilt og austur fyrir Skjólsvörðu, um mitt Teistabjarg og syðst á Kirkjubökkum.

Varpið vestanvert á eyinni, frá Þórðarsteinshorni að húsinu Grund, var metið af Ib K. Petersen og félögum 16. júní. Í þeim hluta lundavarpsins voru 3314 notaðar holur, nokkurn veginn jafnskipt milli grasbrúnar (1644 holur) og urðar (1670 holur). Varpið við höfnina og astantil, með Krosshúsabjargi að Skjólsvörðu (21. mynd), var talið 2. júlí. Þar var ekki gerður greinarmunur á grasi og urð en fjöldi notaðra hola var alls 3603. Lundavarpið í Flatey sumarið 2007 var því samanlagt 6917 notaðar holur. Fjölgunin frá 1980 er að meðaltali um 15% á ári sem er firnamikil aukning miðað við tölur úr ýmsum öðrum lundavörpum í landinu (Ævar Petersen o.fl., væntanleg).

Samhliða aukningu varppara hefur útbreiðsla lundavarpsins aukist svo um munar. Þegar Trausti skoðaði varpið árið 1980 var það einungis austan í en náði þó þegar frá Skjólsvörðu vestur eftir öllu Krosshúsabjargi eða yfir nokkurn veginn sama svæði á austurhlið eyjar og 2007. Síðar hófu lundar að verpa við höfnina og vestanvert á eyinni. Varpið við höfnina hefur verið frá því um 1995. Vestur á ey mun varpið hafa byrjað á Kirkjubökkum en síðan fíkrað sig smám saman suður og austur með Teistabjargi þar sem það endar nú framan við húsið Grund (GAH 2008).



20. mynd/Fig. 20. Dreifing lundavarpsins 2007. – Distribution of the Puffin colony on Flatey in Skjálfandi in 2007.

Lundi mun eitthvað vera háfaður í Flatey eins og færsla á bloggsíðu á netinu 2007 bendir til (Viðar Garðarsson 2007). Það mun þó vera sáralítið en mismikið eftir árum (GAH 2008, SB 2009). Íslensk lög gera ráð fyrir að öll hlunnindanýting, lundaveiðar, eggjataka, dúntekja o.fl. sé háð hlunnindakorti (Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994). Áður en veiðar geta hafist þurfa réttshafar hefðbundinna hlunninda að afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum. Lundaveiðar í Flatey eru ekki hefðbundnar í þeim skilningi að þær hafi verið stundaðar í eyinni um aldir enda eru aðeins rúmir þrír áratugir síðan lundi hóf að verpa í Flatey. Því er ekki sjálfgefið að veiðar á lundum séu heimilar í Flatey og full ástæða er að sannreyna hvort slík nýting standist lög.

Við athuganir 2007 kom í ljós að fínriðið net hafði verið breitt yfir lundabyggðina kringum Skjólsvörðu. Þessi ráðstöfun hefur væntanlega átt að minnka líkur á að hún hrynji en jarðvegurinn umhverfis og undir vörðunni var sundurgrafinn. Skjólsvarðan er siglingamerki frá öndverðri 19. öld og hefur aflagast við holugróft lundans (Valgarður Egilsson og Guðmundur Gunnarsson 2000). Rétt er að benda á að notkun neta á þennan hátt til að hindra lundagröft er óheimil án sérstaks leyfis. Þó vissulega sé ástæða til að koma í veg fyrir að varðan skemmist er rétt að hafa umhverfisyfirvöld með í ráðum við að finna heppilega lausn til að forða vörðunni frá skemmdum.



21. mynd/Fig. 21. Hluti lundavarpsins í Flatey á Skjálfanda. Myndin er tekin frá Skjólsvörðu í átt að vitanum á Krosshúsabjargi sem er hæsti hluti eyjarinnar. Varpið er í misbreiðum skára í grasbrún en einnig innan um grjót efst í fjöru. Gróður er mun dekkri í lundavarpinu en innar á eynni. – Part of the Puffin colony on Flatey á Skjálfanda. The picture is taken from the cairn Skjólsvarða towards the lighthouse at the highest point on the island. The colony is located along the grassy coastal edge but its width varies, while also in part amongst the boulders at the top of the shore. The bird's activities results in a much darker vegetation within the colony than further inland. Ljósmynd. /photo Ævar Petersen, 02.07.2007.

30. Teista *Cepphus grylle*

Teistu (22. mynd) er fyrst getið í Flatey þegar Bjarni Jóhannesson (f. 1913) var að alast upp í eynni. Hann segir teistur hafa orpið í urðunum (einhvern tímann á árunum 1920–1930) og að örnefnið Teistabjarg vitni um langa búsetu þeirra í eynni. Að kvöldi 3. júní og að morgni 4. júní 1980 voru teistur taldar í tvígang og sáuust 139 fuglar á sjó við varp bæði skiptin. Er áætlað að 90 pör hafi orpið í eynni. Varpið var dreift hér og þar með ströndu, þéttast í urðunum við tjarnirnar norðanvert á eynni (23. mynd).

Ekki reyndist unnt að telja allt varpið í Flatey 2. júlí 2007 en ströndin frá Skjólsvörðu austan- og sunnanvert að sandströndinni við Eiði var skoðuð. Á þessu svæði var aðeins eitt hreiður, við Sjóttjörn (við þann hluta sem enn er tjörn) og annað við höfnina (við flotbryggjuna). Þann 16. júní 2007 sáuust sex fuglar á hafnarpollinum (IBK 2007). Varpið sem var talsvert við hafnarmynnið 1980 (20 fuglar, 23. mynd) var greinilega horfið. Varp virðist a.m.k. hafa dregist saman við byggðina. Svo mun vera á eynni í heild (SB 2009). Fyrrum voru egg eitthvað tekin undan teistum til matar eins og Trausti Tryggvason greinir frá árið 1980. Núlífandi Flateyingar minnst þess þó ekki að egg eða kofa hafi verið tekin til matar (GAH 2008, SB 2009).



22. mynd/Fig. 22. Árgamlar teistur í fjaðraskiptum. Sú sem er nær er enn að mestu í vetrarbúningi en hin er lengra komin að skipta yfir í sumarbúning. Aldur fuglanna sést á doppunum í hvítum vængreit. – Yearling Black Guillemots. The one nearer is still largely in winter plumage while the other is further advanced into summer plumage. Age of the birds can be seen by the spots on the white wing patch. Ljósm./photo Sædís Sævarsdóttir, 11.05.2008.



23. mynd/Fig. 23. Dreifing teistuarps í Flatey á Skjálfanda 1980 og áætlaður fjöldi varppara. – Distribution of the Black Guillemot colony on Flatey in Skjálfandi 1980 and estimated number of breeding pairs.

31. Hrafn *Corvus corax*

Hrafnar hafa vafalítið verið hluti af fuglalífi Flateyjar um aldur og ævi en þeir koma árlega ofan af landi til þess að ræna eggjum (SB 2007b). Engar skráðar athuganir eru um varp hrafna í Flatey fyrr en 1980 en þá fann Trausti Tryggvason laup sem hafði verið steypt niður úr Krosshúsabjargi undan vitanum. Hrafnspar hafði orpið þarna tveimur árum fyrr (1978) og síðan er ekki vitað um varp hrafna í eyinni (SB 2009).

32. Skógarpröstur *Turdus iliacus*

Einn skógarpröstur sást með æti í byggðinni 2. júlí 2007 sem bendir til þess að hann hafi orpið í eyinni. Ekki er vitað hvenær þrestir hófu varp í Flatey en að líkindum er varp þeirra frekar nýlegt því árið 1980 sáust engir þrestir. Nú er álitíð að þar sé u.þ.b. tugur skógarprastarpara (24. mynd) en þeir halda sig aðallega innan eða í grennd við byggðina (SB 2009).

33. Þúfutittlingur *Anthus pratensis*

Eflaust hafa þúfutittlingar verið viðloðandi Flatey lengi þó þeir séu ekki skráðir varpfuglar fyrr en 1980. Þá voru þeir allalgengir og nokkur hreiður fundust. Þúfutittlingur er nefndur sem varpfugl 2001 og fyrr (SB 2001). Árið 2007 sáust fjórir stakir fuglar dreift á svæðinu frá Skjólsvörðu að Eiði. Talið er að þúfutittlingar (25. mynd) hafi alltaf verið í eyinni en þeir verpa aðallega úti á eyju fjarri byggð (GAH 2008, SB 2009).

34. Maríuerla *Motacilla alba*

Fyrst skráð sem varpfugl árið 1980 þegar sitt hvort parið varp í sjávarklettum í Bjargshvilt og á húsum í byggðinni. Maríuerlu (26. mynd) er einnig getið sem varpfugls 2001 (SB 2001) og 2. júlí 2007 sáust æstir fuglar, greinilega varpfuglar, eitt par í Bjargshvilt og annað við gömlu bryggjuna. Álitíð er að maríuerla sé gamalgróinn varpfugl í Flatey. Nú eru talin vera 7–8 pör í eyinni þó heppilegum varpstöðum hafi fækkað því búið er að loka mörgum auðum húsum eða gera þau upp (SB 2009).



24. mynd/Fig. 24. Skógarpröstur á hreiðri. – Redwing on nest. Ljósml./photo Sædís Sævarsdóttir, 17.06.2008.



25. mynd/Fig. 25. Þúfutittlingur með mat í nefi, bíður eftir að fæða unga í hreiðri.
– Meadow Pipit with food for young in bill. Ljósmynd./photo Sædís Sævarsdóttir,
17.06.2008.



26. mynd/Fig. 26. Maríuerla í þanghrönn í fjöru. – A White Wagtail
on beached seaweed. Ljósmynd./photo Sædís Sævarsdóttir, 18.05.2008.

35. Steindepill *Oenanthe oenanthe*

Steindepill er einn sjaldgæfasti varpfugl Flateyjar. Ekki er víst að hann verpi á hverju ári, a.m.k. sjást ekki fleygir ungar árlega en sum ár eru talin vera 1–2 varppör í eyinni (SB 2009). Trausti Tryggvason tekur sérstaklega fram árið 1980 að hafa ekki séð steindepil og þótti óvenjulegt. Engir steindeplar sáust 2007.

36. Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis*

Árið 1980 var snjótittlingur talinn vera strjáll varpfugl í fjörükömbum. Sumarið 2007 sáust fuglar á líklegum varpstöðum þó hreiður hafi ekki fundist (SB 2007a). Stakur kvenfugl sást 2. júlí 2007 við Sjóttjörn og fullorðnir fuglar með fleyga unga nærri Skjólsvörðu en hvergi annars staðar með ströndinni vestur að Eiði. Snjótittlingur er talinn vera árviss varpfugl í fjörukambinum umhverfis eyna. Eru talin vera allt að 10 varppör á ári og að líkindum hefur tegundin verið viðloðandi eyna alla tíð (SB 2009).

6.2 Aðrar fuglategundir

Hér á eftir eru skráðar fuglategundir aðrar en varpfuglar sem vitað er að hafa sést í og við Flatey. Fjölmargar tegundir aðrar koma eflaust þar við eða fljúga hjá þó ekki hafi náðst að skrá þær.

1. Himbrimi *Gavia immer*

Stakur fugl sást á sjó á veiðum undan Skjólsvörðu árið 1980. Himbrimi sést oft á sjó við eyna (GAH 2008).

2. Fýll *Fulmarus glacialis*

Árið 1980 sáust fýlar á flugi við eyna. Aðeins einn fugl sást á flugi við eyna 2. júlí 2007. Ekki er vitað með vissu að fýll hafi reynt að verpa í Flatey en grunur er um varp í Krosshúsabjargi 1977 eða 1978 (SB 2009). Bergið er raunar mjög laust í sér þar sem það er hæst og illa fallið til varps en ýmsir staðir í Bjargshvilt þar fyrir austan koma til greina sem varpstadir. Fýlar sjást iðulega á flugi við eyna (GAH 2008) enda eru þeir algengir varpfuglar beggja vegna Skjálfanda og í nálægum eyjum.

3. Súla *Sula bassana*

Árið 1998 sáust fyrstu súlur (10 fuglar) á Skjálfanda við Flatey um 2. apríl (YK 1998). Ein í fullorðinsbúningi var á flugi úti fyrir eyinni 2. júlí 2007. Súlur sjást oft á flugi undan eyinni en yfirleitt ekki nema ein-tvær saman (GAH 2008). Þann 15. maí 1991 fann Ingólfur Árnason dauða súlu með norður-amerískt merki (Washington 638-73740) í grásleppuneti við Flatey. Hún hafði verið merkt á Nýfundnalandi tæpum sjö árum áður.

4. Dílaskarfur *Phalacrocorax carbo*

Árið 2007 fannst dauður dílaskarfur við Leynitjörn (IBK 2007). Dílaskarfar sjást iðulega við eyna (SB 2009).

5. Álft *Cygnus cygnus*

Á hverju ári verður vart við álfir en þær hafa aldrei reynt varp (SB 2009).

6. Helsingi *Branta leucopsis*

Eitt sinn hafa helsingjar sést, fimm til sex fuglar á flugi yfir eyinni (SB 2009).

7. Margæs *Branta bernicla*

Í eitt skipti í septemberbyrjun um 2002 sást stök margæs á sjónum í höfninni (SB 2009).

8. Heiðagæs *Anser brachyrhyncus*

Árlega verður vart við heiðagæsir (SB 2009).

9. Brandönd *Tadorna tadorna*

Í tvígang hafa brandendur sést í Flatey (SB 2009). Um 1993 sáu þrjár saman á höfninni og einhvern tímann eftir 2000 héldu sig tvær á Hvaltjörn.

10. Korpönd *Melanitta fusca*

Á tímabilinu 9.–13. júní 1999 sást steggur innan um æðarfugla á Hvaltjörn. Voru æðarblikar lítt hrifnir og sýndu honum ógnandi atferli (SB 2007a, SB 2009).

11. Æðarkóngur *Somateria spectabilis*

Samkvæmt upplýsingum frá Svölu Björgvinsdóttur (SB 2009) sjást æðarkóngar við og við en ekki árlega, síðast 2.–5. júní 2008. Í eitt skipti hefur æðarkóngur sést við hreiður æðarkollu en árið er óvíst.

12. Straumönd *Histrionicus histrionicus*

Stöku sinnum sjást straumendur á sjó við eyna (SB 2009).

13. Fálki *Falco rusticolus*

Árlega koma fálkar ofan af landi og veiða lunda (SB 2007b).

14. Smyrill *Falco columbarius*

Stöku sinnum verður vart við smyrila á flugi yfir eynni (SB 2009).

15. Vepja *Vanellus vanellus*

Aðeins í eitt skipti hefur vepju orðið vart í Flatey þegar stakur fugl sást í byggðinni um 1965 (SB 2009).

16. Tildra *Arenaria interpres*

Árið 1980 sáu sex fuglar í sandfjörinni við Eiði. Ein tildra sást 16. júní 2007 (IBK 2007). Tildrur sjást í Flatey á hverju ári (SB 2009).

17. Sendlingur *Calidris maritima*

Einn fugl sást á flugi 2. júlí 2007. Reyndar sjást sendlingar árlega (SB 2009).

18. Sanderla *Calidris alba*

Nokkrar voru í fjöru 17. júní 2008 (27. mynd). Samkvæmt athugunum Svölu Björgvinsdóttur (SB 2009) hafa flestar sést átta saman 2008 en oftast eru þær færri (3–5). Fyrst var tekið eftir sanderlum um árið 2000 og sjást þær helst snemmsumars.

19. Skúmur *Stercorarius skua*

Árið 1980 sáu skúmar af og til á flugi við og yfir eynni. Þann 2. júlí 2007 var einn á hröðu flugi þvert yfir eyna. Skúmar sjást árlega, einkum yfir sjó undan eynni (GAH 2008, SB 2009). Skúmur hefur sést setjast á og drekkja æðarkollu, síðan rífa í sig (GAH 2008). Breskmerktur skúmur (Brit. Mus. HT05115) var skotinn í grennd við eyna 3. apríl 1988 (finnandi Ingólfur Árnason) en fuglinn hafði verið merktur nærri fjórum árum áður á Hjaltslandseyjum.



27. mynd/Fig. 27. Sanderlur í fjöru. – Sanderlings on the beach. Ljósmynd/photo Sædis Sævarsdóttir, 17.06.2008.

20. Tígulperna *Chlidonias leucopterus*

Þessa sjaldséða flækingsfugls á Íslandi hefur einu sinni orðið vart í Flatey. Stakur fugl sást 2.–3. ágúst 1997 (GG 1990).

21. Hvítmáfur *Larus hyperboreus*

Annað slagið sést einn og einn fugl. Lítið hefur verið fylgst með hvítmáfum en þeir koma eflaust árlega (SB 2009).

22. Rita *Rissa tridactyla*

Í júníbyrjun 1980 var allmikið af ungum ritum við eyna. Ekki er vitað til þess að þessi tegund hafi reynt varp en aðstæður gætu verið til staðar í Krosshúsabjargi. Ritur eru algengar við eyna (SB 2009) enda ekki langt í varpstaði á Tjörnesi og eyjum á Skjálfanda. Sigurður Gunnarsson merkti fleygan rituunga á sjó við Flatey 14. ágúst 1963 (Reykjavík 66838). Einnig var ung rita skotin á sjó við eyna 14. október 1961 (finnandi Hermann Jónsson) en hún hafði verið merkt sem ungi í hreiðri á Norður-Englandi sumarið 1960 (Brit. Mus. 2059379).

23. Langvía *Uria aalge*

Merkt langvía (Reykjavík 325103) fannst dauð í þorskaneti ásamt 200 öðrum langvím skammt undan Flatey 26. apríl 1985 á mb. Guðrúnu Björgu en skipstjóri var Óskar Karlsson (SG 1985). Fuglinn hafði verið merktur þremur árum áður sem varpfugl í Grímsey. Langvíur sjást oft á sjónum umhverfis Flatey (SB 2009). Svartfuglar eru enda algengir á Skjálfanda að vetrarlagi sbr. grein Sigurðar Gunnarssonar og Jónbjörns Pálssonar (1988).

24. Álka *Alca torda*

Árið 1980 sátu tveir fuglar í fjörunni að þurrka sig. Álkur sjást oft og iðulega á sjó í grennd við eyna (SB 2009). Þar á meðal fann Emil Þ. Guðbjörnsson merкта álka (Reykjavík 469933) dauða í grásleppuneti við eyna 4. apríl 1984 en hún var merkt á hreiðri í Grímsey tæpum tveimur árum áður.

25. Haftyrðill *Alle alle*

Sést ekki reglulega, a.m.k. ekki á sumrin, en tvisvar hefur lifandi haftyrðill fundist sem hafði hrakist upp á ey (SB 2009).

26. Snægla *Nyctea scandiaca*

Í eitt skipti á árunum 1990–1995 sáust tvær snægulur seint að hausti við bræðsluna nærri bryggju (SB 2009).

27. Brandugla *Asio flammeus*

Á hverju ári verður vart við branduglur en ekki oft, vanalega á flugi yfir eyinni og yfirleitt stakir fuglar (SB 2009).

28. Bakkasvala *Riparia riparia*

Dagana 10. til 12. júní 1990 sást ein bakkasvala í Flatey (GG 1990).

29. Svartþröstur *Turdus merula*

Svartþröstur sást við bryggjuskúrana að vorlagi um 1966. Annar fugl sást einhvern tímann á tímabilinu 1995–2000 og þá var um karlfugl að ræða (SB 2009).

6.3 Torkennilegir æðarfuglar

Í lok tegundalista skulu nefndir tveir sérkennilegir æðarfuglar.

Kynblendingur æðarfugls

Kynblendingur æðarfugls og æðarkóns sást við athuganir Trausta Tryggvasonar 4. júní 1980. Um karlfugl var að ræða (en blendingaskollur þekkjast varla á færi). Slíkir kynblendingar sjást stundum en að sumarlagi fyrst og fremst í stóru æðarvörpunum á Vestfjörðum (Pettingill 1959, 1962, Ævar Petersen 1998). Kynblendingar sjást árlega á sjó við landið á veturna, t.d. við Krossanesverksmiðjuna á Akureyri meðan hún starfaði (Sverrir Thorstensen, munnlegar upplýsingar).

Tvíkynja æðarfugl

Um mánaðamót maí-júní 1987 sást æðarfugl í einkennilegum búningi. Framhluti hans bar einkenni æðarblika en æðarkollu aftanvert (28. mynd). Virðist hafa verið um að ræða tvíkynja fugl (*gynandromorph* eða *intersex* á ensku). Mjög svipaður fugl sást á eggjum í hreiðri við Skálanes í Seyðisfirði 26. júní 2007 og náðist mynd af honum (ÆP 2007a). Einnig sást slíkur fugl og var ljósmyndaður í Norðfirði sumarið 2008 (Náttúrustofa Austurlands, <http://www.na.is>). Fuglinn í Flatey dvaldi lengi, sást m.a. sitja hjá æðarkollu á hreiðri uppi á ey og á sjó í fylgd æðarkollu. Um miðjan júní 1990 sást aftur sams konar fugl (GG 1990) og má telja líklegt að þar hafi sami fuglinn verið á ferð.



28. mynd/Fig. 28. Tvíkynja æðarfugl við Flatey á Skjálfanda um mánaðamót maí-júní 1987. – *Gynandromorphic Common Eider on the sea at Flatey in Skjálfandi at the end of May – beginning of June 1987. Ljósmynd/Gunnar Gunnarsson.*

7 UMRÆÐA

Samkvæmt yfirlitinu eru alls skráðar 36 tegundir varpfugla í Flatey á Skjálfanda. Það eru tiltölulega margar tegundir miðað við aðrar eyjar við Ísland. Í nöfnu hennar, Flatey á Breiðafirði, höfðu fundist 29 tegundir varpfugla árið 1979 (Ævar Petersen 1979). Í Mánáreyjum undan Tjörnesi hafa orpið 14 tegundir, þ.a. eru átta reglubundnir varpfuglar, þrír óreglulegir og aðrar þrjár tegundir eru hættar að verpa (Ævar Petersen 1985).

Þrátt fyrir að Flatey á Skjálfanda sé tegundamörg vantar á listann ýmsar tegundir sem byggja eyjar við Ísland, einkum bjargfuglategundir, t.a.m. fýl, ritu og svartfuglategundir. Þessu stjórna umhverfisaðstæður enda er eyjan næsta lág (hæst aðeins 22 m) svo raunveruleg fuglabjörg eru engin og bakkar lausir í sér. Þá vekur athygli að lómur *Gavia stellata* hefur aldrei orpið í eyinni, með allar tjarnirnar og ætismöguleika í sjónum umhverfis. Á hinn bóginn eru þarna dæmigerðar tegundir íslenskra mófugla, þ. á m. heiðlóa og spói. Að mörgu leyti er Flatey að landslagi og gróðri líkari svæðum í landi en eyjum þar sem sjófuglar setja mark sitt á tegundasamsetningu gróðursamfélaga og grósku. Athuganir 2007 sýndu að gróður hefur þegar breyst á lundabölunum á þeim rúmum 30 árum frá því lundar urpu fyrst í Flatey. Má segja að sjötta gróðurlendið - lundabalar - hafi bæst við í Flatey frá því Ingimar Óskarsson (1966) var þar á ferð árið 1937.

Af 36 tegundum sem vitað er að hafi orpið í Flatey eru sumar árvissar en aðrar óreglulegir varpfuglar. Hrafn hefur ekki orpið til margra ára, auk þess sem þórshani birtist aftur sumarið 2007 eftir nær aldarfjórðungs fráveru. Teistu virðist hafa fækkað til muna en lundi sem hóf að verpa fyrir aðeins 35 árum er nú orðinn einn algengasti varpfuglinn. Að minnsta kosti níu andategundir verpa í eyinni sem er dágóð fjölbreytni, en andavarp virðist hafa verið lengi því eggvers af öndum er þegar getið í Jarðabókinni 1712 (Árni Magnússon og Bjarni Pálsson 1712/1943). Tvær andategundir til viðbótar, hrafn sönd og gulönd, hafa fundist verpandi í Flatey einu sinni hvor tegund.

Miklar breytingar hafa orðið á fuglalífi Flateyjar síðustu áratugi. Einkum hafa nýjar tegundir bæst í hóp reglulegra varpfugla en engin hefur horfið fyrir fullt og allt, nema ef vera skyldi hrafn. Tuttugu og tvær tegundir hafa að líkindum verið viðloðandi Flatey mjög lengi. Á hinn bóginn hafa ekki færri en sjö tegundir varpfugla bæst nýlega í hópinn, þ.e. grágæs, skúfönd, rjúpa, jaðrakan, silfurmáfur, lundi og skógarþröstur, eða alls um fimmtungur varptegundanna sem eru umtalsverðar breytingar. Rjúpa er reyndar ein þeirra tegunda þar sem stofninn sveiflast mikið og gætu rjúpur því hafa verið að koma og fara þegar til lengri tíma er litið. Hettumáfur er einnig frekar nýr varpfugl en tjaldur hefur væntanlega verið lengur. Óljóst er með kjóa sem virðist vera óreglulegur varpfugl enda þörin fá. Kjóar eru oft illa liðnir og því reynt að halda þeim frá æðarvörpum. Sama gegnir um hrafn og máfa en skotið er á vargfugla í Flatey til verndar æðarvarpi (GAH 2008, SB 2009).

Af fuglum sem ekki verpa, vetrargestum, flækingsfuglum eða öðrum gestum, eru frekar fáar tegundir skráðar, eða einungis 29 (auk æðarkynblendings og tvíkynja æðarfugls). Skráðar athuganir duga skammt til að lýsa með afgerandi hætti hvaða tegundir heimsækja eyna sem gestir yfir árið. Má gera ráð fyrir að tugir tegunda séu enn óskráðar. Þar í hópi eru frekar algengar tegundir eins og bjartmáfur, *Larus glaucoides*, stuttnefja, *Uria lomvia* og stari, *Sturnus vulgaris*, svo dæmi séu nefnd.

Fuglalífínu í Flatey á Skjálfanda þarf að gera betri skil með skipulegum skráningum. Þó væntanlega séu allar tegundir reglulegra varpfugla þekktar er full ástæða til að meta stærð einstakra varpstofna betur. Í eyinni er t.d. eitt af stóru krúuvörpum landsins þó stærð þess hafi aldrei verið metin. Þá hafa mófugla- og spörfuglastofnar ekki verið áætlaðir né fjöldi

verpandi máfa með nógu nákvæmlega. Betra yfirlit þarf að fá yfir varpstofna grágæsar, anda og rjúpu.

Á landsvísu er þórshani langsjaldgæfasta varptegundin í Flatey. Vonast er til að heimafólk haldi hlífiskildi yfir þessum fáu fuglum svo þeir fái að verpa og koma upp ungum í friði líkt og Flateyingar munu hafa gert um 1930.

8 ÞAKKIR

Trausti Tryggvason í Stykkishólmi á miklar þakkir skyldar fyrir að senda mér á sínum tíma fuglaskýrslu sína frá 1980. Hún er ennþá heilsteiptasta yfirlit sem til er um fuglalíf í Flatey á Skjálfanda. Svala Björgvinsdóttir á Húsavík er mjög áhugasöm um fugla og hefur miðlað miklum fróðleik um fuglalíf Flateyjar ásamt Gunnari Gunnarssyni. Guðmundur A. Hólmgeirsson veitti ennfreður ýmsar gagnlegar upplýsingar. Ib K. Petersen lagði til athuganir frá 16. júní 2007 þegar hann og 16 aðrir Danir töldu hluta lundabyggðarinnar og skráðu ýmsar aðrar upplýsingar. Samstarfsfólki 2007, þeim Claudia Mischler, Solny Arnardóttur og Björgvini Friðbjarnarsyni starfsmanni Náttúrustofu Norðausturlands, er þökkun aðstoð við lundatalningu. Náttúrustofan sá einnig um flutning til og frá eyinni á hvalaskoðunarbatnum Aþenu en eigandi er Stefán Guðmundsson. Solnýju er jafnframt þakkað fyrir myndir. Eftirfarandi náttúrufræðingum er þökkun aðstoð við leit að upplýsingum um aðra náttúrufarsþætti Flateyjar en fugla, Ellý Guðjohnsen, Erling Ólafssyni, Herði Kristinssyni, Karli Gunnarssyni, Kristjáni Jónassyni og Sveini Jakobssyni. Sigurður Guðjohnsen kortagerðarmaður er þökkun aðstoð en hann reiknaði út stærð Flateyjar, stærð lundavarpa og teiknaði 3., 20. og 23. mynd. Skýrsla þessi hefði orðið snöggjum snauðari ef ekki nytu við frábærar ljósmyndir Sædísar Sævarsdóttur og er henni þakkað af heilum hug ómetanlegt framlag. Svala Björgvinsdóttir og Guðmundur A. Hólmgeirsson lásu yfir handritið og komu með tillögur að ýmsum lagfæringum. Síðast en ekki síst las Sverrir Thorstensen yfir lokahandrit og kom með fjölmargar ábendingar eins og honum er lagið.

9 HEIMILDIR

- Árni Magnússon og Bjarni Pálsson 1943. *Jarðabók, 11. bindi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðifjelag. (Frumútgáfa 1712)
- Bjarni Sæmundsson 1932. *Spendýrin* (Mammalia Islandiæ). Íslensk dýr 2. Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar.
- Bjartmar Guðmundsson 1966. Skroppið til Flateyjar. Í *Árbók Þingeyinga* 1965 (8), bls. 212–218.
- Björguðu bryggjunni með samhentu átaki 2005. *Fréttablaðið*, 5. árg., 207 tbl., 4. ágúst.
- Caram, B. og Sigurður Jónsson 1972. Nouvel inventair des algues marines de l'Islande. *Acta Botanica Islandica* 1: 5–31.
- Coles, J. 1882. *Summer Travelling in Iceland: Being the Narrative of two Journeys across the Island by unfrequented Routes: With a Historical Introduction, and some Hints as to the Expenses and Necessary Preparation for a Tour in Iceland*. London: J. Murray.
- Dinesen, G.B. 1926. *10 aars ophold iblandt Nordislandske fugle: Deres ynglepladser og opholdssteder - en rejse ind i landet - Islandske smykkesten (Halvædelstene)*. Kaupmannahöfn: G. Dinesen.
- Eiríkur Sigurðsson 1978. Um Flatey. *Súlur* 8(2): 204–210.
- Erlingur Davíðsson 1989. Bjarni Jóhannesson skipstjóri frá Flatey. Í *Aldnir hafa orðið: frásagnir og fróðleikur*, bls. 144–200. Reykjavík: Bókaútgáfan Skjaldborg.
- Fasteignabók 1932. Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
- Fasteignabók 1942. Reykjavík.
- Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson 2002. *Vitar á Íslandi: Leiðarljós á landsins ströndum 1878–2002*. Kópavogur: Siglingastofnun Íslands.
- Guðmundur Friðjónsson 1938. Endurminningar frá ísaárunum 1880–86. *Skírnir* 112: 58–70.
- Gunnar Guðmundsson 1961. Tíðindi úr héraði: Úr Flateyjarhreppi. Í *Árbók Þingeyinga* 1960 (3), bls. 164–165.
- Gunnar Guðmundsson 1968. Tíðindi úr héraði: Úr Flateyjarhreppi 1967. Í *Árbók Þingeyinga* 1967 (10), bls. 179–180.
- Hvalsaga. Það er ekki minna vert, að gæta fengins fjár enn afla þess 1853. *Norðri*, 1. árg., 5.–6. tbl., mars.
- Ingimar Óskarsson 1966. Gróðurrannsóknir í Flatey á Skjálfanda. *Flóra* 4: 37–47.
- Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi: Með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835–1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.
- Jóhann Skaptason 1969. Flateyjarhreppur. Í *Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfandafljóts og Fljótshéiðar*. Árbók Ferðafélags Íslands 1969, bls. 73–78. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Jóhanna Ingvarsdóttir 2005. Flateyingar sameinuðust um viðgerð á bryggjunni. *Morgunblaðið*, 93. árg., 205 tbl., 2. ágúst.
- Jóhannes Bjarnason 1953. *Fagurt er í Fjörðum: Þættir Flateyinga og Fjörðunga*. Akureyri: Árni Bjarnarson.

- Jón Eiríksson, Andrés I. Guðmundsson og Leifur A. Símonarson 1987. *Setmyndun í Tjörnesbrotabeltinu í ljósi kjarnaborunar í Flatey á Skjálfanda*. Raunvísindastofnun Háskólans, RH-07-1987. Reykjavík: Raunvísindastofnun Háskólans.
- Jón Elíasson 1905. Fréttabréf úr Flatey á Skjálfanda. *Norðurland*, 4. árg., 19. tbl., 4. febrúar.
- Jón Sigurðsson 1954. Suður-Þingeyjarsýsla. Í *Lýsing Þingeyjarsýslu*. Ritsafn Þingeyinga 2, bls. 111–121 og 302–383. Reykjavík: Helgafell.
- Jónas Jónsson 2001. Skrá um varpjarðir á Íslandi. Í *Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi*, bls. 371–475. Reykjavík: Mál og mynd.
- Jónas Sigurðsson 1987. Heyjað í Flatey 1970. Í *Árbók Þingeyinga* (30), bls. 150–157.
- Júlíus Havsteen 1931. *Um sjaldsjeða fugla á Íslandi*. Skýrsla um Hið íslenska náttúrufræðifjelag, fjelagsárin 1929 og 1930, bls. 28–31.
- Kristlaug Pálsdóttir 1992. Eggjaát hjá kindum. *Bliki* 12: 55–56.
- Lovísa Birgisdóttir 1982. *Ágrip af niðurstöðum jarðfræðikortlagningar á Flatey á Skjálfanda og Húsavík - Reykjahverfi: bráðabirgðaskýrsla*. Orkustofnun, OS-82018/JHD-02 B. Reykjavík: Orkustofnun.
- Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.*
- Náttúrustofa Austurlands 2008. *Blikakolla á Norðfirði*. http://na.is/index2.php?option=com_content&task=view&id=96&pop=1&page=0&Itemid=1 [skoðað 15. apríl 2010]
- Ólafur Pálsson 1861. Brauðamat á Íslandi 1854. Í *Skýrslur um landshagi á Íslandi*. 2. bindi, bls. 430–851. Kaupmannahöfn: Berlíngrar og Thiele.
- Páll Halldórsson 1994. Þönglabakka- og Flateyjarsókn. Í *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1844*, bls. 57–81. Reykjavík: Gott mál hf. (Frumútgáfa 1839)
- Páll E. Ólason 1948. *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. 1. bindi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Pettingill, O.S. 1959. King Eiders mated with Common Eiders in Iceland. *Wilson Bulletin* 71(3): 205–207.
- Pettingill, O.S. 1962. A hybrid between a King Eider and Common Eider observed in Iceland. *Wilson Bulletin* 74(1): 100–101.
- Rostungur á reki á Skjálfandaflóa 1952. *Dagur*, 35. árg., 29. tbl., 16. júlí.
- Sigurður Gunnarsson 2000. Höfuðlausir kríuungar. *Bliki* 20: 65.
- Sigurður Gunnarsson og Jónbjörn Pálsson 1988. Fuglalíf á og við Skjálfandaflóa að vetri. *Bliki* 6: 1–23.
- Sigurður Stefánsson 1917. Æðarvarp á Íslandi að fornu og nýju. *Búnaðarrit* 31 (1–2): 1–61.
- Theódór Friðriksson 1941. *Í verum: saga Theódórs Friðrikssonar*. Reykjavík: Víkingsútgáfan. Tómas G. Gunnarsson, J.A. Gill, Ævar Petersen, G.F. Appleton og W.J. Sutherland 2005. A double buffer effect in a migratory shorebird population. *Journal of Animal Ecology* 74: 965–971.
- Tómas Tómasson 1987. Úr Djáknaannálum 1731–1794. Annáll Tómasar Tómassonar stúdents á Stóru-Ásgeirsá; í hreinskrift Hallgríms Jónssonar djákna á Sveinsstöðum. Í *Annálar 1400–1800*. 6. bindi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

- Valgarður Egilsson 2000. Fáein orð um jarðfræði skaganna og náttúrufar. Í *Í strandbyggðum norðan lands og vestan*. Árbók Ferðafélags Íslands 2000, bls. 122–129. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Valgarður Egilsson og Guðmundur Gunnarsson 2000. Flatey á Skjálfanda. Í *Í strandbyggðum norðan lands og vestan*. Árbók Ferðafélags Íslands 2000, bls. 190–197. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Viðar Garðarsson 2007. *Perlan í norðri*. <http://vg.blog.is/blog/vg/entry/268801/>. [skoðað 23. apríl 2010]
- Ævar Petersen 1970. Fuglalíf í Skógum á óshólmasvæði Héraðsvatna í Skagafirði. *Náttúrufræðingurinn* 40(1): 26–46.
- Ævar Petersen 1979. Varpfuglar Flateyjar á Breiðafirði og nokkurra nærliggjandi eyja. *Náttúrufræðingurinn* 49(2-3): 221–256.
- Ævar Petersen 1985. Fuglalíf Mánáreyja. *Týli* 15(1-2): 7–25.
- Ævar Petersen 1998. *Íslenskir fuglar*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2001. *Fuglalíf í óshólum Eyjafjarðarár*. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-01013. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Ævar Petersen, Þorkell L. Þórarinnsson, Aðalsteinn Ö. Snæþórsson, Þorvaldur Þ. Björnsson og Sverrir Thorstensen væntanleg. Has the Icelandic population of Atlantic Puffin *Fratercula arctica* increased in recent decades?
- Ævar Petersen og Örn Sturluson væntanleg. Örnefnalýsing Flateyjar á Breiðafirði.

Munnlegar og óútgefnar heimildir

- BS 1930. Bjarni Sæmundsson. *Aves IV*. Óbirt dagbók. Varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.
- ESH 1986. Erpur S. Hansen. Munnlegar upplýsingar eftir Hermanní Bárðarsyni.
- GAH 2008. Guðmundur A. Hólmgeirsson. Ýmsar upplýsingar um fuglalíf. Skriflegar athugasemdir við handrit, móttæknar 3. nóvember.
- GG 1990. Gunnar Gunnarsson. Bréf, myndir og myndatexti, móttækið 8. ágúst.
- IKP 2007. Ib K. Petersen. Gögn um lundatalningu og aðrar athuganir frá 16. júní.
- Jourdain, F.C.R. 1930. An unpublished diary 1911–1936: Field Notes of his Trip to Iceland 1912, and various Notes on Icelandic Birds, received from contact People. Varðveitt á Edward Grey Institute, Oxford háskóla, Englandi. (Ljósrit á Náttúrufræðistofnun Íslands).
- Karl Gunnarsson 2008. Um söfnun botnþörungna í sjó við Flatey á Skjálfanda, 24. júní 2006. Bréf dagsett 16. apríl 2008.
- SG 1983. Sigurður Gunnarsson. Óbirt skýrsla, dagsett 27. september.
- SG 1984. Sigurður Gunnarsson. Bréf dagsett 30. ágúst.
- SG 1985. Sigurður Gunnarsson. Bréf dagsett 29. apríl.

- SB 2001. Svala Björgvinsdóttir. Fuglalíf í Flatey á Skjálfanda. Símaupplýsingar skráðar af Ævari Petersen 7. ágúst.
- SB 2007a. Svala Björgvinsdóttir. Nokkrar upplýsingar um fugla í Flatey á Skjálfanda. Munnlegar upplýsingar skráðar í dagbók Ævars Petersen 2. júlí.
- SB 2007b. Svala Björgvinsdóttir. Fuglalíf í Flatey á Skjálfanda. Símaupplýsingar skráðar af Ævari Petersen 10. ágúst.
- SB 2009. Svala Björgvinsdóttir. Ýmsar upplýsingar um fuglalíf. Skriflegar athugasemdir við handrit, móttæknar 24. janúar, 20. febrúar og 26. apríl.
- Trausti Tryggvason 1980 . Óbirt skýrsla um fugla í Flatey á Skjálfanda dagana 3.–4. júní.
- YK 1998. Yann Kolbeinsson. Tölvuskrá yfir komutíma farfugla (færsla frá Ásbirni Björgvinssyni).
- ÆP 2007. Ævar Petersen. Óbirt dagbók, 26. júní.
- EÓ. Erling Ólafsson. Munnlegar upplýsingar.
- Örnefnastofnun. Örnefnalýsing Flateyjar á Skjálfanda. Margeir Jónsson skráði eftir Árna Jóhannessyni frá Neðribæ og Grími Sigurðssyni frá Jökulsá á Flateyjarðal með athugasemdum og viðbótum eftir Bjarna Jóhannesson og Grím Sigurðsson. (Lýsingin er líklega gerð einhvern tímann milli 1936 (nefnt í henni) og 1944 en það ár lést aðalheimildarmaður).

10 SUMMARY

The bird life of island Flatey á Skjálfanda (NE-Iceland)

Flatey á Skjálfanda (Figs 1 & 2) is a 2.67 km² island off the northeast coast of Iceland, inhabited all year round until 1967. The birdlife as a whole has never previously been described in print. The most comprehensive overview of the bird fauna is an unpublished report from 1980 by birdwatcher Trausti Tryggvason of Stykkishólmur.

To date 36 species are known to have bred on the island, most of them annual breeders. The scientific names of species can be seen in the Icelandic text. Due to limited written records only 29 non-breeding species have been registered while many species are likely to have occurred, even regularly. A hybrid male Common Eider and King Eider was seen in 1980, and a Common Eider gynandromorph in 1987 and 1990 (Fig. 28).

During the last decades no less than seven new species have been added to the breeding bird fauna list (Greylag Goose, Tufted Duck, Ptarmigan, Black-tailed Godwit, Herring Gull, Common Puffin, and Redwing). Black-headed Gull is probably also a relatively new breeder, while Ptarmigan as a cyclic species may have been an irregular breeder for a long time. No breeding species has disappeared completely, as far as is known, except perhaps Raven, which has not been found breeding since 1978.

Sufficiently detailed information is available on the breeding population of certain species on Flatey á Skjálfanda. However in general the bird life has to be studied more systematically. The breeding species are probably all known but estimates of the population size are still needed for many of the species, using methodology which allows comparison to later censuses.

In 2007 special effort was made to count the Puffin population as a part of national as well as regional studies on this and other seabird species. This species colonized the island in 1975, was estimated 160 pairs in 1980 while in 2007 the population consisted of 6917 pairs, distributed along most of the southern half of the island (Figs 19–21). Since 1980 the annual increase has been around 15%, which is unprecedented in relation to other monitored Puffin colonies in Iceland (Ævar Petersen *et al.* in prep.). Conversely Black Guillemots appear to have declined seriously since 1980 when the breeding population was estimated about 90 pairs (Figs 22–23) but counts need to be repeated. Many other breeding species need more careful censusing, including the Arctic Tern colony, which is one of the largest in Iceland although it has never been estimated (Figs 17–18). This species has bred on the island for a long time, mentioned on and off in written sources since 1712. Relatively good information is available on the Common Eider for a century since its down has been traditionally utilized (Fig. 7, Tabs 1–2).